

Lög Homo

I. Heiti félagsins, félagsmeðlimir og markmið

1. gr.

Félagið heitir Homo, félag mannfræðinema við Háskóla Íslands.

2. gr.

Allir þeir sem skráðir eru til náms í mannfræði við Háskóla Íslands geta gerst félagar í Homo. Þá geta aðrir velunnarar félagsins fengið inngöngu ákveði stjórn Homo svo.

3. gr.

Markmið félagsins er að gæta hagsmuna mannfræðinema og hlúa að framgangi og ímynd fræðigreinarinnar jafnt innan Háskólans sem utan. Félagið stefnir að samvinnu mannfræðinema og áhugafólks um mannfræði hérlendis og erlendis. Félagið skal vera vettvangur öflugs félagslífs nemenda í mannfræði. Með það að markmiði skal selja félagsskírteini árlega á hóflegu verði til að stuðla að sem blómlegasti félagsstarfsemi Homo.

II. Stjórn félagsins

4. gr.

Stjórn félagsins skal kjörin til eins árs í senn og skal vera skipuð forseta, varaforseta, gjaldkera, skemmtanastjóra, kynningastjóra og námsbrautar- og hagsmunafulltrúa. Með stjórn félagsins skulu einnig starfa nýnemafulltrúi og framhaldsnemafulltrúi.

5. gr.

Forseti félagsins er í forsvari þess og á að sjá til þess að það starfi samkvæmt lögum þessum. Forseti boðar til stjórnarfundar og skal hafa yfirsýn yfir öll verkefni félagsins. Forseti situr í Fulltrúaráði Félagsvísindasviðs fyrir hönd mannfræðinema.

6. gr.

Varaforseti félagsins er staðgengill forseta. Varaforseti er jafnframt ritari og skal halda gerðabók, þar sem í eru skráðir fundir stjórnarinnar, almennir félagsfundir og allir aðrir helstu viðburðir er félagið varðar. Varaforseti skal sitja í kynningar- og ritnefnd og vera tengiliður ritnefndar og stjórnar. Varaforseti er ekki sjálfkjörinn ritstjóri. Sjá gr. 20.

7. gr.

Skemmtanastjóri er í forsvari fyrir skemmtinefnd, sjá 19. gr., og skal sjá til þess að hún starfi samkvæmt lögum þessum. Skemmtanastjóri ásamt skemmtinefnd skal, í samráði við stjórn félagsins, sjá um skipulagningu og framkvæmd skemmtanalífs á vegum félagsins, einkum vísindaferðir.

8.gr.

Kynningarstjóri sér um að halda samfélagsmiðlum Homo gangandi. Gerir auglýsingar fyrir aðalfund og almennan fund. Einnig gerir kynningarstjóri auglýsingar fyrir viðburði þ.e.a.s. Vísindaferðir, árshátíð, dag mannfræðinnar og fleira. Forfallist skemmtanastjóri, fer staða skemmtanastjóra í hans hendur þar til er kosið að nýju. Kynningastjóri er staðgengill skemmtanastjóra. Einnig situr kynningarstjóri í skemmtinefnd ásamt stjórn.

9. gr.

Framhaldsnemafulltrúi er fulltrúi nemenda í framhaldsnámi í stjórn og er kosinn á félagsfundi að vori til. Framhaldsnemafulltrúi gætir hagsmuna nema í masters- og doktorsnámi innan félagsins og hefur kosningarétt innan stjórnar líkt og aðrir stjórnarmeðlimir. Slíkur fulltrúi á einnig við aðrar undirgreinar innan framhaldsnámsleiða mannfræðinnar, þ.á.m. hnattræn fræði.

10. gr.

Gjaldkeri félagsins sér um fjárreiður þess. Hann heldur sjóðsbók um tekjur félagsins og gjöld og leggur fram reikninga þess á aðalfundi.

11. gr.

Nýnemafulltrúi er fulltrúi fyrsta árs nema í stjórn og er kjörinn á fyrsta almenna félagsfundi að hausti. Nýnemafulltrúi gætir hagsmuna fyrsta árs nema innan félagsins og hefur kosningarétt innan stjórnar líkt og aðrir stjórnarmeðlimir.

12. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum gagnvart öðrum aðilum.

III. Aðalfundir og almennir félagsfundir

13. gr.

Aðalfundir og almennir félagsfundir hafa æðsta úrskurðarvald í málefnum félagsins og hafa félagsmeðlimir þar einir atkvæðisrétt. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara, á vefsíðu félagsins eða með tölvupósti til allra félagsmeðlima. Til almennra félagsfunda skal boðað á sama hátt en einungis með þriggja daga fyrirvara. Leyfilegt er að hafa almenna félagsfundi samhliða annarri dagskrá félagsins. Stjórn félagsins er í undantekningartilfellum heimilt að boða til félagsfundar með styttri fyrirvara.

14. gr.

Stjórn félagsins er skylt að boða til almenns félagsfundar ef 10% félagsmeðlima fer fram á það. Skal beiðni þess efnis undirrituð af viðkomandi félagsmeðlimum.

15. gr.

Halda skal aðalfund félagsins fyrir lok hveurrar vorannar.

16. gr.

Dagskrá aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar.
- Stjórnin leggur fram reikninga félagsins til samþykktar.
- Lagabreytingar.
- Kosning stjórnar félagsins:
 - Kjósa skal forseta, varaforseta, gjaldkera, skemmtanastjóra, kynningarstjóra og framhaldsnemafulltrúa. Kjósa skal í hvert embætti sérstaklega.
- Kjósa skal einn í skemmtinefnd á aðalfundi.
- Kjósa skal námsbrautar- og hagsmunafulltrúa félagsins sem situr námsbrautarfundi.
- Önnur mál.

17. gr.

Fyrsti almenni félagsfundur haustannar skal haldinn á fyrstu þremur kennsluvikum haustannar. Fundarboðun skal fara fram samkvæmt ákvæðum 11. gr. Leyfilegt er að hafa það samhliða annarri dagskrá félagsins. Kosið skal í ritnefnd auk nýnemafulltrúa sem og tvo fulltrúa í skemmtinefnd.

18. gr.

Ef forseti, varaforseti, gjaldkeri, skemmtanastjóri eða kynningarstjóri segir af sér á miðju tímabili er leyfilegt að meirihluti stjórnarinnar kjósi sér nýjan fulltrúa til að gegna því embætti út tímabilið. Sama á við ef næst ekki að fylla í stöður sem fram koma í gr. 15 eða einhver segir af sér í þeim embættum. Varaforseti skal þó ávallt vera staðgengill forseta þar til nýr forseti hefur verið kjörinn.

19. gr.

Kosning embættismanna á aðalfundi og á almennum félagsfundi er bindandi. Framboð

skulu hafa borist stjórn félagsins í upphafi þess fundar er kosning fer fram. Fari svo að framboð berist ekki í öll embætti skal lýsa eftir framboðum á fundinum í þau embætti sem skortir framboð. Berist engin framboð í embætti fellur það í hlut stjórnar að manna þær stöður, sjá gr. 16. Ef aðeins einn er í framboði í embætti þarf hann að hljóta $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða. Að öðrum kosti skal fara fram kosning á milli frambjóðenda og ræður þá afl atkvæða úrslitum og skal sú kosning vera leynileg. Sá frambjóðandi sem fleiri atkvæði hlýtur í kosningunni er talinn réttkjörinn í embættið. Ef enginn frambjóðandi hlýtur meirihluta skal kosið aftur á milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu.

IV. Nefndir félagsins og önnur embætti

20. gr.

Í skemmtinefnd félagsins skulu vera að minnsta kosti þrír nemendur að skemmtanastjóra og kynningarstjóra frátöldum. Skemmtinefnd skal stuðla að skemmtun og uppákomum fyrir félagsmeðlimi Homo. Nefndin skal stuðla að árshátíð í mars eða apríl ár hvert. Undirbúningur og framkvæmd allra viðburða félagsins eru í höndum skemmtinefndar og stjórnar félagsins. Á aðalfundi er kosinn einn nemandi og á fyrsta almenna félagsfundi haustannar skulu vera kosnir tveir til viðbótar (sjá 15. og 16. grein)

21. gr.

Í ritnefnd skulu vera að minnsta kosti þrír nemendur. Ritnefnd sér um útgáfu Homo blaðsins og skal eftir fremsta megni gefa blaðið út á hverri önn. Ritnefnd skipar ritstjóra hennar.

22. gr.

Námsbrautar- og hagsmunafulltrúi situr í stjórn Homo sem og námsbrautarfundi og gefur skýrslu til stjórnar um það sem þar fer fram. Námsbrautar- og hagsmunafulltrúi situr einnig í Fulltrúaráði Félagsvísindasviðs fyrir hönd mannfræðinema. Auk þess skal Námsbrautar og hagsmunafulltrúi vera mentor nýnema. Ef námsbrautar- og hagsmunafulltrúi segir af sér á miðju tímabili fellur það í hlut stjórnar að finna nýjan einstakling í embættið, sambærilegt gr. 16. Ef upp kemur sú staða að enginn sinni embætti námsbrautar- og hagsmunafulltrúa fellur það í hlut stjórnar að finna einstakling til að sinna embættinu. Jafnframt fellur það í hlut stjórnar að senda fulltrúa sinn á námsbrautarfundi allt þar til nýr aðili fæst til að sinna embættinu.

IV. Ýmis ákvæði

23. gr.

Vantraust á embættismenn félagsins skal borið fram skriflega og skulu minnst 10% félagsmeðlima undirrita það. Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar um vantrauststillöguna innan viku frá því hún er fram borin. Til að vantrauststillaga hljóti samþykki þarf meirihluti fundarmanna að samþykkja hana. Ef vantrauststillaga er samþykkt skal kosið á ný til embættis á sama hátt og á aðalfundi.

24. gr.

Ef ágreiningur kemur upp vegna val stjórnar á einstakling í laust embætti (Sjá gr. 17) geta félagsmenn boðað til almenns félagsfundar eins og kemur fram í gr. 13 og gr. 22.

25. gr.

Stjórn Homo áskilur sér rétt til að vísa hverjum félagsmanni úr félaginu í þeim tilvikum þar sem athafnir þeirra eða hegðun eru talin skaða markmið, gildi eða orðstír félagsins. Áður en til brottvísunar kemur skal viðkomandi félagsmaður fá skriflega viðvörun þar sem greint er frá þeim áhyggjum sem félagið hefur og honum gefinn kostur á að leiðrétta hegðun sína innan tiltekins tímaramma. Ef hegðunin er viðvarandi eða ef brotið er alvarlegt og gefur tilefni til tafarlausra aðgerða áskilur stjórnin sér rétt til að halda áfram brottvísun án undangenginnar viðvörunar. Ákvörðun um brottvísun skal tekin með meirihluta atkvæða stjórnarmanna að undangenginni sanngjarnri og hlutlausri skoðun á atvikum málsins. Brottrekinn félagsmaður missir öll réttindi og fríðindi sem fylgja aðild að félaginu. Stjórnin áskilur sér þann rétt að meina brottrekna aðilanum aðgang að opnum viðburðum félagsins.

26.

Breytingar á lögum félagsins verða aðeins gerðar á aðalfundi. Þarf meirihluta atkvæða fundarins til að samþykkja tillögu um lagabreytingar. Komi fram tillaga um að leggja félagið niður þarf öll atkvæði fundarins.

27. gr.

Óski félagsmeðlimir eftir því að skoða bókhald félagsins þarf að bera fram formlega beiðni þess efnis til stjórnar og fellur það í hlut gjaldkera að fara yfir bókhaldið með þeim félagsmeðlim/félagsmeðlimum sem þess óska.

28. gr.

Komi upp ágreiningur um lög þessi skal skipuð nefnd þriggja einstaklinga sem hefur það hlutverk að skera úr um ágreiningsmál. Almennur félagsfundur skipar tvo einstaklinga í nefndina og stjórn einn.

29. gr.

Að loknum aðalfundi ár hvert skal stjórn Homo auglýsa gildandi lög félagsins og dreifa þeim svo allir félagsmeðlimir geti nálgast þau og kynnt sér efni þeirra.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi fyrri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 10. maí 2024